



8. september 2021
Tilv.: 2109067

Dreifibréf númer: 47/2021
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD/CRR.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út sjö umræðuskjöl nr. 9 – 15/2021 sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem fylgja tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um er að ræða reglur um útlánaáhættu, markaðsáhættu, vörpun lánsþæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum, innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum, upplýsingaskyldu, samráð eftirlitsstjórnvalda vegna öflunar á virkum eignarhlutum og afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.


Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.


Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöllum berist eigi síðar en 15. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjöllum. Umsagnareyðublöð skulu senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit


Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar


Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki